

16. nóvember 2020 | Innlendar fréttir | 241 orð | 1 mynd

## Gæðafjalir marki upphaf tækifæra

### • Timburafurðir að aukast á Íslandi

„Ég trúi að útgáfa þessarar bókar boði upphaf að öðru og meira,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð, iðnaðar-og nýsköpunarráðherra.

„Ég trúi að útgáfa þessarar bókar boði upphaf að öðru og meira,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð, iðnaðar-og nýsköpunarráðherra. Fyrir helgina veitti hún viðtöku fyrsta eintakinu af bókinni *Gæðafjalir*, sem er handbók um hvernig flokka skal timbur úr barrtrjám úr íslenskum skógum. Ritið, sem Eiríkur Þorsteinsson trétækniþýddi, er sænskt, en í Svíþjóð er löng reynsla af nýtingu skóga og viðarvinnslu.

Skógræktin, Landbúnaðarháskóli Íslands og fleiri stofnuðu á síðasta ári til samstarfs í gæðamálum viðarnytja. Markmiðið með starfinu var meðal annars að kynna staðla fyrir þær trjategundir sem nýtast í timburafurðir. Kynning og fræðsla eru hluti af þessu starfi.

„Við Íslendingar höfum ekki sömu aldareynslu sem aðrar þjóðar hafa í hvernig nýta megi þá sjálfbært. Þessi bók er því gott innlegg í eflingu nýsköpunar í skógrækt og landbúnaði þar sem eru mörg tækifæri,“ segir Þórdís Kolbrún ráðherra.

Björn Bj. Jónsson skógræðingur hefur verið leiðandi í starfi síðustu ára sem miðar að aukinni nýtingu skógarafurða á Íslandi, aukinheldur sem hann kynnti útgáfu bókarinnar nýju. Hann segir mikilvægt að þekking á skógarvinnslu á Íslandi verði eflað, því nú séu þeir tímar runnir upp að grænir lundir landsins séu farnir að skila afurðum sem muni vel um. Í Kanada séu skilgreindir yfir 500 vöruflokkar skógarafurða. Sú staðreynd segi að eftir miklu sé að slægjast þegar kemur að nýtingu. Mikið sé undir og því sé mikilvægt að huga að markaðsmálum og því hvernig koma megi í verð timbri og öðru því sem skógarnir gefa. sbs@mbl.is



Skógarfólk Frá formlegri útgáfuathöfn á Mógilsá. Kjörviðurinn í öndvegi. — Morgunblaðið/Sigurður Bogi